

AUGLÝSING

um bókun við tvísköttunarsamning við Pólland.

Bókun um breytingu á samningi milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Póllands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir sem undirritaður var í Reykjavík 19. júní 1998, sem gerð var í Reykjavík 16. maí 2012, öðlaðist gildi 23. ágúst 2013.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 4. september 2013.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Einar Gunnarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

MILLI RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS PÓLLANDS

UM BREYTINGU Á SAMNINGI MILLI RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS PÓLLANDS TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN OG KOMA Í VEG FYRIR UNDANSKOT FRÁ SKATTLAGNINGU Á TEKJUR OG EIGNIR SEM UNDIRRITAÐUR VAR Í REYKJAVÍK 19. JÚNÍ 1998.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Póllands sem vilja gera bókun til breytingar á samningnum milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Póllands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, sem undirritaður var í Reykjavík hinn 19. júní 1998 (hér á eftir nefndur „samningurinn“), hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

Ákvæði 23. gr. samningsins (Aðferðir til að komast hjá tvísköttun) falli brott og í stað þeirra komi eftirfarandi:

„23. gr.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Í tilviki Póllands skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
 - a) Hafí aðili heimilisfastur í Póllandi tekjur eða á eignir sem skattleggja má á Íslandi samkvæmt ákvæðum þessa samnings, skal Pólland, nema ákvæði b-liðar leiði til annars, undanþiggja slíkar tekjur eða eignir skattlagningu;
 - b) Hafí aðili heimilisfastur í Póllandi tekjur sem skattleggja má á Íslandi samkvæmt ákvæðum 10., 11., 12. og 13. gr. þessa samnings, skal Pólland heimila að fjárhæð tekjuskatts sem greiddur hefur verið á Íslandi, sé dreginn frá tekjuskatti þess aðila. Frádráttur þessi skal

þó ekki vera hærri en sá hluti skattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt sem lagður er á þær tekjur eða eignir sem stafa frá Íslandi.

2. Í tilvikum Íslands skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
 - a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem má skattleggja í Póllandi samkvæmt ákvæðum þessa samnings skal Ísland heimila að fjárhæð þess tekjuskatts, sem greiddur hefur verið í Póllandi, sé dreginn frá tekjuskatti þess aðila;
 - b) Eigi aðili heimilisfastur á Íslandi eignir sem má skattleggja í Póllandi samkvæmt ákvæðum þessa samnings skal Ísland heimila að fjárhæð þess eignaskatts, sem greiddur hefur verið í Póllandi, sé dreginn frá eignaskatti þess aðila.

Frádráttur þessi skal þó í hvorugu tilvikinu vera hærri en sá hluti tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur eða þær eignir, eftir því sem við á, sem skattleggja má í Póllandi.

3. Þegar aðili heimilisfastur í samningsríki hefur tekjur eða á eignir, sem eru undanþegnar skattlagningu í því ríki samkvæmt ákvæðum samningsins, er því ríki þó heimilt við ákvörðun skatta á aðrar tekjur eða eignir þessa heimilisfesta aðila að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skattlagningu.“.

II. gr.

Ákvæði 26. gr. samningsins (Skipti á upplýsingum) falli brott og í stað þeirra komi eftirfarandi:

„26. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á upplýsingum sem gert er ráð fyrir að skipti máli fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða framkvæmd eða fullnustu laga samningsríkjanna eða sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna þeirra varðandi skatta, hverju nafni sem þeir nefnast, sem þau leggja á, að því leyti sem viðkomandi skattlagning fer ekki í bága við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki af ákvæðum 1. og 2. gr.
2. Með allar upplýsingar, sem samningsríki veitir viðtöku skv. 1. mgr., skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu þær eingöngu afhentar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórn-sýslu-aðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem um getur í 1. mgr. eða fullnustu eða ákærvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta eða eftirlit með framangreindu. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í ofangreindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómnsniðurstöðum. Þrátt fyrir framangreint, má nota upplýsingar sem móttekna eru af samningsríki í öðrum tilgangi ef nota má slíkar upplýsingar í slíkum tilgangi samkvæmt lögum beggja samningsríkjanna og bært stjórnvald þess ríkis sem leggur til upplýsingarnar heimilar slíka notkun.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal í engu tilvikum skýra þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki:
 - a) að framkvæma stjórn-sýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórn-sýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
 - b) að veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða almennum stjórn-sýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
 - c) að veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðipækkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn allsherjarreglu (ordre public) ef þær væru gerðar opinberar.
4. Ef samningsríki fer fram á upplýsingar í samræmi við þessa grein skal hitt samningsríkið nota þær aðferðir sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir jafnvel þótt síðarnefnda ríkið þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála. Sú skuldbinding sem felst í fyrri málslíð er háð takmörkunum 3. mgr. en í engu tilvikum skulu þær takmarkanir notaðar til að heimila samningsríki að synja um veitingu upplýsinga af þeirri ástæðu einni að það sjálf hafi enga þörf fyrir þær.

5. Í engu tilviki skal túlka ákvæði 3. mgr. þannig að þau heimili samningsríki að synja um veitingu upplýsinga samkvæmt beiðni af þeirri ástæðu einni að þær séu í vörslu banka, annarrar fjármálastofnunar, tilnefnds aðila eða aðila sem kemur fram sem umboðsaðili eða annast fjármunavörslu, eða þær tengjast hagsmunum eiganda aðila.“.

III. gr.

1. Hvort samningsríki um sig skal tilkynna hinu samningsríkinu eftir diplómátskum leiðum um að þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þeirra fyrir gildistöku þessarar bókunar sé lokið.
2. Bókunin skal öðlast gildi þrjátíu dögum eftir dagsetningu þeirra tilkynningar samkvæmt 1. mgr. sem síðar berst og skulu ákvæði hennar koma til framkvæmda:
 - a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem aflað er 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er gefin;
 - b) að því er varðar aðra skatta á tekjur og skatta á eignir, vegna skatta sem leggja má á tekjur skatttímabila sem byrja 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er gefin.

IV. gr.

Bókun þessi, sem skal vera óaðskiljanlegur hluti af samningnum, skal gilda jafnlengi og samningurinn er í gildi og skal vera í framkvæmd jafnlengi og samningurinn er framkvæmdur.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Reykjavík hinn 16. maí 2012 á íslensku, pólsku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun textanna skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands:

Martin Eyjólfsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Póllands:

Danuta Szostak

**PROTOCOL BETWEEN
THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC OF ICELAND AND
THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC OF POLAND**

**AMENDING THE AGREEMENT BETWEEN
THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC OF ICELAND
AND THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC OF POLAND
FOR THE AVOIDANCE OF DOUBLE TAXATION AND THE PREVENTION
OF FISCAL EVASION WITH RESPECT TO TAXES ON INCOME
AND ON CAPITAL SIGNED IN REYKJAVIK ON 19 JUNE 1998**

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Poland, desiring to conclude a Protocol amending the Agreement between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Poland, for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income and on capital, signed in Reykjavik on 19 June 1998 (hereinafter referred to as "the Agreement"),

Have agreed as follows:

ARTICLE I

Article 23 (Elimination of double taxation) of the Agreement shall be deleted and replaced by the following:

"Article 23
ELIMINATION OF DOUBLE TAXATION

1. In the case of Poland, double taxation shall be avoided as follows:
 - a) Where a resident of Poland derives income or owns capital which, in accordance with the provisions of this Agreement may be taxed in Iceland, Poland shall, subject to the provisions of sub-paragraph b) of this paragraph, exempt such income or capital from tax;
 - b) Where a resident of Poland derives income which, in accordance with the provisions of Article 10, 11, 12 or 13 of this Agreement, may be taxed in Iceland, Poland shall allow as a deduction from the tax on income of that resident an amount equal to the tax paid in Iceland. Such deduction shall not, however, exceed that part of the tax, as computed before the deduction is given, which is attributable to such income or capital gains derived from Iceland.
2. In the case of Iceland, double taxation shall be avoided as follows:
 - a) Where a resident of Iceland derives income which, in accordance with the provisions of this Agreement, may be taxed in Poland, Iceland shall allow as a deduction from the tax on the income of that resident, an amount equal to the Polish tax paid on that income;
 - b) Where a resident of Iceland owns capital which, in accordance with the provisions of this Agreement, may be taxed in Poland, Iceland shall allow as a deduction from the tax on the capital of that resident, an amount equal to the Polish tax paid on that capital.

Such deduction in either case shall not, however, exceed that part of the income tax or capital tax, as computed before the deduction is given, which is attributable, as the case may be, to the income or the capital which may be taxed in Poland.

3. Where in accordance with any provision of the Agreement income derived or capital owned by a resident of a Contracting State is exempt from tax in that State, such State may nevertheless, in calculating the amount of tax on the remaining income or capital of such resident, take into account the exempted income or capital."

ARTICLE II

Article 26 (Exchange of Information) of the Agreement shall be deleted and replaced by the following:

“Article 26
EXCHANGE OF INFORMATION

1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is foreseeably relevant for carrying out the provisions of this Agreement or to the administration or enforcement of the domestic laws concerning taxes of every kind and description imposed on behalf of the Contracting States, or of their political subdivisions or local authorities, insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Agreement. The exchange of information is not restricted by Articles 1 and 2.
2. Any information received under paragraph 1 by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) concerned with the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, the determination of appeals in relation to the taxes referred to in paragraph 1, or the oversight of the above. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions. Notwithstanding the foregoing, information received by a Contracting State may be used for other purposes when such information may be used for such other purposes under the laws of both States and the competent authority of the supplying State authorises such use.
3. In no case shall the provisions of paragraphs 1 and 2 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:
 - a) to carry out administrative measures at variance with the laws and administrative practice of that or of the other Contracting State;
 - b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;
 - c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information the disclosure of which would be contrary to public policy (ordre public).
4. If information is requested by a Contracting State in accordance with this Article, the other Contracting State shall use its information gathering measures to obtain the requested information, even though that other State may not need such information for its own tax purposes. The obligation contained in the preceding sentence is subject to the limitations of paragraph 3 but in no case shall such limitations be construed to permit a Contracting State to decline to supply information solely because it has no domestic interest in such information.
5. In no case shall the provisions of paragraph 3 be construed to permit a Contracting State to decline to supply information upon request solely because the information is held by a bank, other financial institution, nominee or person acting in an agency or a fiduciary capacity or because it relates to ownership interests in a person.”.

ARTICLE III

1. The Contracting States shall notify each other through diplomatic channels that the constitutional requirements for the entry into force of this Protocol have been completed with.
2. This Protocol shall enter into force thirty days after the date of the latter of the notifications referred to in paragraph 1 and its provisions shall apply:
 - a) in respect of taxes withheld at source, on income derived on or after 1st January in the calendar year next following the year in which the notice is given;
 - b) in respect of other taxes on income and taxes on capital for taxes chargeable for any fiscal year beginning on or after 1st January in the calendar year next following the year in which the notice is given.

ARTICLE IV

This Protocol, which shall form an integral part of the Agreement, shall remain in force as long as the Agreement remains in force and shall apply as long as the Agreement itself is applicable.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned duly authorised thereto, have signed this Protocol.

DONE in duplicate at Reykjavík this 16th day of May 2012, in the Icelandic, Polish and English languages, all texts being equally authentic. In case of divergence between any of the texts, the English text shall prevail.

For the Government of
the Republic of Iceland

Martin Eyjólfsson

For the Government of
the Republic of Poland

Danuta Szostak